Spakmæli.
3 blöð qto. 4.

# Spakmæli

1. Hatrið er þyrnir, sem vex upp úr djúpi dauðans, en elskan er lífsins blóm. (E. Tegnér)
2. Kvenmaðurinn verður að taka þann að sér, sem hamingjan hefir yfirgefið. (Hauch)
3. Tortryggna menn vantar aldrei hugarburð til að ala á grunsemi sína.
4. Það er ekki eins torvelt, að láta lífið fyrir vin sinn, eins og að finna þann vin, sem þess er verður, að láta lífið fyrir hann.
5. Auðsgnótt er armæða, skortur eymd og hár sess þung byrði, en daglegt brauð er sönn sæla.
6. Kvenmaðurinn skoðar djúpt, karlmaðurinn langt. Mannsins hjarta er heimurinn, en heimur konunnar er hjartað.
7. Margar konur hafa vit á að tala í réttum tíma, en færri vit á að þegja í réttum tíma.
8. Hinn sanni kærleikur á rót sína í auðmýktinni. (Fr. Ahlefeldt)
9. Kvenmaðurinn líður meir en sá, sem hún grætur yfir.
10. Góð kona er yndi hjartans, en fögur kona er yndi augans; gæði eru dýrgripur, en fegurð einasta prýði.
11. Fögur kona án blíðu, er eins og rós án ilms.
12. Blíðlyndi og kurteisi eru hinir beztu kvenkostir.
13. Mótlætingar dragast að miklum sálum eins og þrumuveður að háfjöllum.
14. Sá, sem þráir að finna vin án galla, finnur engan.
15. Þess meira sem vér vitum, þess betur finnum vér hversu lítið það er, sem vér vitum.
16. Vertu fljótur til að þegja, en seinn til að tala.

17. Hamingjan! Hvar er hún? Hafa menn ekki heyrt andvörp í sölum hallanna, og gleðióman söng í heimkynnum fátæklinganna? Hafa menn ekki séð áhyggjuna aka gyltum vögnum, með fjaðraskreyttum hestum fyrir, en gleðina ganga á berum fótum sér?

18. Viljir þú hefna þín á óvini þínum, þá gjörðu það með óaðfinnanlegri breytni.

19. Gráturinn er elskublandinn straumur, sem kemur frá uppsprettu kærleikans, og engin andlit eru hreinni en þau, sem þvegin eru úr þessum straumi.

20. Betri er þurr biti með ró, en fullt hús matar með argi.

21. Rósina vantar hljóð fuglanna, en fuglana ilm rósarinnar. Hver er svo spakur, að hann geti sagt, hvort þeirra er meiri.

22. Hin fagra hlið heimsins er sú, þar sem blóm kærleikans dafna og þróast.

23. Kastaðu ekki steini í lindina, sem þú drekkur úr.

24. Ræðan er silfurs í gildi, en þögnin er gullvæg.

25. Gull reynist í eldinum, en maðurinn í mótlætinu og í meðlætinu.

26. Ritaðu velgjörðir á marmara, en mótgjörðir í sand.

27. Aldrei blómgast sú þjóð, sem vanrækir uppeldi barna sinna.

28. Drykkjumaðurinn er eins og líkneski, sem staðið hefir úti í vondu veðri: Öll manns-mynd er af því máð.

29. Bið ekki annan ~~um~~ það, sem þú mundir[2] neita[3] sjálfur[1] um væri þú beðinn

30. Ef vér rekjum kurteisina á brott úr heiminum, þá tekur hún helming allra dygða með sér, sem þar eru fyrir.

31. Fegurð kveikir ást, en kurteisi viðheldur henni

32. Ef þú vilt læra að þekkja mann, þá búðu saman við hann, vertu glaður við hann

og ferðastu með honum.

33. Berðu ekki hrygð þína saman við annara gleði; gættu þess, að margir eiga við miklu erfiðari kjör að búa en þú.

34. Eldurinn reynir gullið, en dygðin mótlætið. Vertu sjálfur með særðu hjarta yfirvegari annars þrár (Claudius Rosenhoff).

35. Heimili án fallegrar meyjar er eins og dagur án sólar: það vantar, sem eykur fjör í samkvæminu, gefur samtalinu líf og gjörir röddina þýða.

36. Dómar vorir um aðra menn sýna betur vorn innra mann en þeirra (J. Petit Senn)

---

37. Vel født er vel en Trøst, men bedre vel opdragen,
Vel gift er Livets Lyst, vel død er hele Sagen.

38. Penge tabt: Noget tabt. Ære tabt: meget tabt. Modet tabt: <u>Alt</u> tabt!

39. Fattig er den, der har mistet sin Ven: Hans Tab kan ikke opvejes! men ti! Ja, Tusindfold fattigere er den, der aldrig en Ven har ejet!